

18.3.2017

Umsögn um þingsályktunartillögu um húsnæði Listaháskóla Íslands, 143. mál á 146 löggjafarþingi.

Listaháskóli Íslands er mikilvæg stofnun, þar er verið að mennta suma af helstu framtíðarútflutningsaðilum Íslands, fólk sem getur skapað verðmæti fyrir samfélagið. Það er því mikilvægt að viðunandi aðstaða og húsnæði sé skaffað fyrir þessa starfsemi og fjármagni sé veitt þangað í auknum mæli.

Á sama tíma og hvatt er til að vinnu við að koma Listaháskólanum í viðeigandi húsnæði verði flýtt er rétt að tiltaka að vanda þarf vel frágang nýrrar aðstöðu með tilliti til frágangs vegna raka og myglusveppa. Sem virðast vera í allt of mörgum byggingum á Íslandi. Ljóst er að bæta má kennslu um frágang votryma íhönnunarnámi og iðnnámi til að takast á við mygluvandamál í húsum á Íslandi.

kveðja,  
Albert Svan Sigurðsson  
umhverfislandfræðingur